



FUNDARGERÐ

240. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 11. nóvember 2024
og hófst hann kl. 15:30.

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Einar Bárðarson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri og Hulda Karlsdóttir sátu fundinn undir liðum 1-4.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 2024 - SOR - 2405040

Rekstraryfirlit janúar - september 2024

Rekstraryfirlit frá janúar til september 2024 lagt fram til kynningar.

2. Rekstraráætlun 2024 - viðauki - 2410089

Lagður fram viðauki við rekstraráætlun 2024.

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2024. Helstu breytingar skv. honum er að gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 56,9 m.kr. vegna aukins móttækis úrgangs. Þá hækka laun um 8,5 m.kr. vegna aukinna umsvifa og forfalla vegna veikinda. Hliðgjöld hjá þjónustuaðila hækka um 9,5 m.kr vegna aukins magns sem sent er frá Strönd.

Stjórn samþykkir viðaukann og visar honum til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

3. Gjaldskrá 2025 - 2410088

Lögð fram tillaga að gjaldskrá 2025.

Tillaga að gjaldskrá 2025 lögð fram. Lagt er til að sorphirðu- og sorpeyðingargjöld hækki um 3,5%. Móttökugjöld á gjaldskyldum úrgangi hækka í samræmi við hækkanir á afsetningu hjá þjónustuaðilum og vegna aukins kostnaðar við meðhöndlun og vinnslu úrgangs á Strönd fyrir afsetningu.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá og visar henni til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga.

4. Fjárhagsáætlun 2025 - 2410087

Fjárhagsáætlun 2025 lögð fram til samþykktar.

Fjárhagsáætlun 2025 lögð fram. Gert er ráð fyrir að tekjurnar verði 270,7 m.kr. og gjöld fyrir utan fjármagnsliði 268,1 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 32,2 m.kr. og að fjárfestingar á árinu 2025 verði 51 m.kr.

Fjárhagsáætlun er samþykkt og vísað til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

5. Deiliskipulag á Strönd - 2409058

Stjórn samþykkir að skipa hóp til að rýna og fara yfir deiliskipulagstillögu sem unnið er að fyrir móttökustöðina á Strönd.

Hópin skipa: Haraldur Birgir byggingarfulltrúi RY. Anton Kári sveitarstjóri RE, Einar Bárðarson framkvæmdastjóri SOR og Eggert Valur Guðmundsson úr stjórn SOR.

6. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands 2024 - 2404105

Fundargerðir SOS nr.327 og 328 lagðar fram til kynningar.

7. Móttaka seyru á Strönd - 2409006


Lögð fram drög að minnisblaði

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.


Eggert Valur Guðmundsson


Nanna Jónsdóttir


Tómas Birgir Magnússon

